

það atriði, hvort þetta opna brjef banni gestgjöfum að veita áfenga drykki, þarmæð talið 124 bayerskt öl, einnig eptir miðaptan á sunnu-og helgidögum, og hafið þjer þessvegna beiðst 12. nóv. leiðbeiningar minnar í þessu efni.

Fyrir því skal yður hjermeð til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að þarsem ofanefnt opið brjef skipar svo fyrir, að þau störf skemmtanir og önnur fyrir-tæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu-og helgidögum fyrri en eptir miðaptan, megi hjereptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvölds á þessum dögum, þá er auðsjáanlega með þessu, sjá einkum orðin «og önnur fyrirtæki», átt við allar þær athafnir, sem bannaðar eru í tilsk. 28. marz 1855 á sunnu-og helgidögum til miðaptans, þarameðal einnig þær, sem 4. gr. tilskipunarinnar ræðir um, og er því gestgjöfum og öðrum veitingamönnum óleyfilegt að veita mönnum áfenga drykki eða leyfa spil í húsum sínum á hvaða tíma dags sem er nefnda daga.

S a m þ y k k t

fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum.

125

15. nóv.

Sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefur með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi

«Samþykkt

fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum.

1. grein.

Enginn seim stundar fiskiveiðar á opnum skipum frá Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, má eiga lóðir í sjó frá kl. 9 á kvöldi til kl. 3 um nætur á tímabilinu frá 1. desember til 1. apríl.

2. grein.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl.

3. grein.

Á tímabilinu, sem um er rætt í 1. grein, má enginn byrja sjóferð til fiskiveiða með lóðum fyrir kl. 3 að morgni; þó nær þessu ákvörðun ekki til þeirra, er hafa uppsátur fyrir norðan Rit.

4. grein.

- a. Í hverjum hreppi í Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað sje skipuð nefnd þriggja manna; kys hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar, en hinir tveir skulu vera formenn og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hvernar vertíðar. Vanræki hlutadeigendur að mæta á fundi þeim, er boðaður verður í því skyni af hreppsnefndaroddvita og bæjarstjórn, skal hreppsnefndin og bæjarstjórnin hafa vald til að skipa menn til starfa þeirra, sem enginn má skorast undan án gildra orsaka, sem hreppsnefndir og bæjarstjórn eru einar bærar um að meta. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á því, að því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verði einhver uppvis að því, eða nefndinni pyki líklegt, að einhver hafi brotið á móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutadeigandi yfirvaldi.

- 125 b. Brjóti nokkur móti samþykkt þessari nema líf liggi við, varðar það sektum frá 15. nóv. 10 kr. til 100 kr. eptir málavöxtum. Helmingur sektar tilfalli fátækra sjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingur gæzlunefndinni og uppljóðarmanni.

5. grein.

Samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum frá 16. ágúst 1879 skal felld úr gildi. »

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1885, og er samþykkt fyrir Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum, staðfest af amtmanninum yfir vesturamtinu 16. dag ágústmán. 1879, frá sama tíma úr gildi numin.

Þetta kunngjörst öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands vesturamt, Reykjavík 15. dag nóvembermán. 1884.

Magnús Stephensen
settur.

- 126 15. nóv. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um linun í landsskuld eptir Þjóðjörð. — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 14. f. m., fellst jeg hjermeð á, að leiguliðanum á Þjóðjörðunni Leiðvelli í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs umboði verði um fardagaárin 18⁸⁴/85 og 18⁸⁵/86 veitt 10 álna linun á ári í landsskuldinni eptir tjeða ábylisjörð hans, fyrir sakir skemmda þeirra, er hún hefur orðið fyrir undanfarin ár á engjum, beitilandi og skógi.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

- 127 15. nóv. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu um linun í landsskuld eptir Þjóðjörð. — Samkvæmt meðmælum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 26. júlí þ. á., samþykki jeg hjermeð, að ábúandanum á Þjóðjörðinni Belgsholti, Guðm. S. Thorgrimsen, verði, sakir skemmda, er tún jarðar þessarar hefur orðið fyrir af landbroti, um 5 ár, talin frá síðastliðnum fardögum, veitt 20 álna linun á ári í landsskuld tjeðrar ábylisjarðar hans, þannig að landsskuldin nefnt 5 ára tímabil verður aðeins 100 álnir.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögnum fyrir árin 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um að verja 320 kr. styrk til eflingar búnaði fyrir 1884 (sbr. Stj.tíð. 1884, B 30) þannig, að framfarafjelag Dyrhólahrepps fái 110 kr. en 210 kr. verði varið til verðlauna fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði og fyrir jarðabætur (Sigríður Sveinsdóttir í Hlíð fái 65 kr.; Sæmundur Jónsson á Borgarfelli, Jón Magnússon á Dalshöfða og Jón Jónsson á Segibúðum 40 kr. hver og Helgi Bergsson á Fossi 25 kr.

13. gr. B V a.

Kvennaskólanum á Ytríey veittur 1000 kr. styrkur fyrir árið 1884.